

LÖG

73

29. des.

um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga,
nr. 54 11. júlí 1911.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir 4., 5., 6., 7., 12., 13. og 14. lið 1. gr. laganna komi:

4. a. af rauðvíni kr. 1,00 af hverjum lítra.
b. af ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum slikum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,50 af hverjum lítra. Undanþegin þessum tolli er berjakvoða og Pectine, sem flutt er til landsins til sultugerðar.
5. Af sóðavatni 0,30 kr. af hverjum lítra.
6. a. af óunnu tóbaki 4 kr. af hverju kg.
b. af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, kr. 6,40 af hverju kg.
7. a. af tóbaksvindlum 16 kr. af hverju kg.
b. af vindlingum (sigarettum) kr. 14,40 af hverju kg. Vindlingarnir skulu tollaðir að meðtöldum pappírnum, öskjum og dósnum, sem þeir eru seldir í.
12. a. af öllum tegundum af suðusúkkulaði og iðnsúkkulaði kr. 1,50 af hverju kg.
b. af kakaódeigi kr. 1,00 af hverju kg.
13. a. af kakaódufti 50 au. af hverju kg.
b. af kakaóbaunum brenndum, muldum og ómuldum 50 au. af hverju kg.
c. af kakaóbaunum óbrenndum og ómuldum 35 au. af hverju kg.
14. Af öllum tegundum af brjóstssykri, konfektí, átsúkkulaði og sykruðum ávöxtum kr. 3,00 af hverju kg.

Verði ágreiningur um flokkun framangreindra tollflokka, fellir fjármála-
ráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1935 að innheimta með 25% gengis-
viðauka tolla af þeim vörum, sem taldar eru í 1. gr. laga þessara.

73

29. des.

Lög nr. 48 27. júní 1925 og lög nr. 116 19. desember 1933 eru úr gildi numin.

3. gr.

4. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 29. desember 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

74

29. des.

L Ö G

um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna skal síldarútvegsnefnd, skipaða 5 mönnum og 5 til vara. Sameinað Alþingi kys 3 menn hlutfallskosningu, Alþýðusamband Íslands einn, og einn skal kosinn af síldarútvegsmönnum, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt. Atvinnumálaráðherra skipar formann úr hópi hinna þingkosnu nefndarmanna. Kosningin gildir til þriggja ára, en skipun formanns til eins árs. Nefndarmenn eða varamenn þeirra skulu allir dvelja á Siglufirði yfir síldveiðitímann. Nú vanrækir aðili að tilnefna mann í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað. Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk eftir því sem nauðsyn krefur. Laun nefndarmanna ákveður ráðherra, og greiðast þau úr ríkissjóði.

2. gr.

Síldarútvegsnefnd hefir með höndum úthlutun útflutningsleyfa, veiðileyfa til verkunar, söltunarleyfa á síld og löggildir síldarútflytjendur. Hún skal gera